

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu á vestursvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti 19. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi á vestursvæði Keflavíkurflugvallar.

Um er að ræða umtalsverða breytingu á gildandi deiliskipulagi en meginbreytingin felst í að aðlaga núverandi deiliskipulagsáætlun í átt að nýrri þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar. Helstu breytingar eru fjölgun bílastæðahúsa úr einu í tvö, fækkun almennra bílastæða á yfirborði, breyting á legu Reykjanesbrautar og hringtengingu innan svæðis, stærð athafnasvæðis minnkar og lóðir þar felldar niður. Lóðir fyrir nýtt flugvallarhótel og bílastæðahús eru nánar skilgreindar og lóðamörk færð til þar sem þarf í samræmi við nýtt og aðlagað gatnakerfi. Jafnframt eru byggingarreitir við flugstöðina stækkaðir, heimild er veitt fyrir byggingu tveggja spennistöðva á nýjum lóðum og staðsettur er reitur fyrir nýtt auglýsingaskilti. Ásamt því er heimild veitt til haugsetningar og geymslu jarðefna og staðsetning fyrir það sýnd vestast á skipulagssvæðinu þar sem skipulagssvæðið er jafnframt stækkað.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 13. september 2024,*

**Björn Ingi Edvardsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. september 2024